

Sp.

347. Tillaga til þingsályktunar

[163. mál]

um athugun á flutningi annars gufuhverfils Kröfluvirkjunar til nýtingar á háhitasvæði á Reykjanesskaga.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram svo fljótt sem verða má óvilhalla og sjálfstæða athugun á því að flytja annan gufuhverfil Kröfluvirkjunar frá Kröflu og á háhitasvæðið í Svartsengi eða á Reykjanesi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er voru keyptar tvær samstæður gufuhverfla og rafala til raforkuframleiðslu í Kröfluvirkjun. Er hvor samstæða 30 MW að afli. Önnur samstæðan er óuppsett.

Að undanfögnu hefur raforkuframleiðsla í Kröflu oftast verið á bilinu 4—8 MW eða 12—25% af afköstum annarrar samstæðunnar. Borholur við Kröflu hafa reynst dýrar og stopular. Þótt ráðist yrði í frekari boranir á þessu og næsta ári virðist fátt benda til þess að fljótlega fengist sú tíföldun gufuafls, sem þarf til að fullnýta báða gufuhverflana sem keyptir voru. Reynslan sýnir að óvarlegt er að treysta á árangur af boruninum og þegar af þeim ástæðum er rétt að fara fram með gát, halda rannsóknunum áfram og takmörkuðum borunum á tilraunaholum, en gera ekki ráð fyrir að raforkuþörf verði mætt með framleiðslu í Kröflu. Enn fremur er yfirvofandi hættu á eldsumbrotum á svæðinu, sem gæti eyðilaggt mannvirkin ef illa tækist til. Þess vegna er enn frekari ástæða til varfærni í framkvæmdum.

Háhitasvæðin á Svartsengi og á Reykjanesi eru allvel þekkt og hafa reynst allstöðug, andstætt því sem segja má um Kröflusvæðið. Borholur í Svartsengi hafa líka reynst ódýrari en í Kröflu.

Að undanfögnu hefur rafmagn til stóriðju verið skammtað vegna raforkuskorts, til stórtjóns fyrir þjóðina í útflutnings- og gjaldeyriskjómum. Þetta ástand gæti farið versnandi á komandi vetri og atvinnutækifæri liggja þá ónýtt, t. d. í Grundartanga-verksmiðjunni.

Málin lýsa sér því þannig, að yfirvofandi er áframhaldandi raforkuskömmun, vélasamstæður við Kröflu liggja ónýttar, en ýmislegt bendir til þess að næga gufuroku og tiltölulega örugga sé að fá á tveim svæðum á Reykjanesskaganum, sem allvel eru þekkt. Við þessar aðstæður hlýtur að koma til álita að flytja t. d. aðra samstæðu gufuhverfla og rafala frá Kröflu til þeirra svæða, sem áður eru nefnd.

Þótt sá gufuhverfill, sem fyrir hendi er við Kröflu, sé ekki sniðinn að aðstæðum á Reykjanesi mun hann þó geta skilað stærstum hluta afls síns við þau gufueinkenni, sem þar eru.

Sá samanburður, sem gera þarf, er því í grófum dráttum þessi: Annars vegar er um það að ræða að greiða fjármagnskostnað af einni tækjasamstæðu, sem fyrir-sjáanlega mun engu skila í tekjur eða raforkuframleiðslu á næstu árum. Hins vegar er kostnaðurinn af að flytja tækin suður um heiðar og setja þau upp þar sem raforkuframleiðsla getur átt sér stað og tekjur fengjust til að standa undir kostnaði, jafnframt því sem gjaldeyrisskapandi vinnsla í stóriðjufyrirtækjum yrði a. m. k. ekki skorin niður í sama mæli.

Nú er augljóst, að því fyrr sem gripið yrði til aðgerða af þessu tagi, þeim mun betra. Á hinn bóginn er ekki ráð að flana að neinu. Því er hér lagt til að sérstök athugun fari fram svo fljótt sem verða má á flutningi hinnar óuppsettu sam-

stæðu og væntanlega á tilheyrandi kæli- og rafkerfi. Athuginin þyrfti að fjalla um tæknilega útfærslu flutnings og uppbyggingar stöðvar á Reykjanesi, mat á þeim háhitasvæðum, sem til álita koma, og kostnaðarsamanburð á þeim valkostum, sem raktir hafa verið. Vafalaust er kostnaðarsamt að flytja tækin, en um hagkvæmni verður auðvitað ekki fullyrt nema að undangenginni athugun. Því er þessi tillaga flutt.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að hér verði um að ræða sjálfstæða og óvilhalla athugun. Með því er fyrst og fremst átt við að hún verði ekki falin aðilum sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta eða hafa á nokkurn hátt borið ábyrgð á ævintýrinu í Kröflu.